

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 5. tbl. 10. árg. 10. mars 2016

Myndir augnabliksins eru frá Sunnubóli og sýna heimsókn í Ketilhúsið á sýninguna Sköpun barnskunnar.



Stóra upplestrarkeppnin 2016 í Síðuskóla.

Mánudaginn 7. mars var Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk. Nemendur 7. bekkjar og foreldrar ásamt nemendum 6. bekkjar komu saman á sal skólans við hátíðlega athöfn. Þar lásu 11 fulltrúar nemenda sem valdir höfðu verið í forvali í vikunni á undan upp kafla úr sögunni *Ertu Guð aft* eftir Þorgrím Þráinsson og ljóð að eigin vali. Tveir nemendur þau Sigrún Reem Abed og Arnar Logi Viðarsson voru valin til að taka þátt í lokakeppninni sem haldin verður í Menntaskólanum á Akureyri þann 6. apríl nk. Björn Smári Gunnarsson verður til vara ef forföll verða meðal keppenda. Dómarar voru Helga Hauksdóttir og Sigríður Ása Harðardóttir.



Barnabækur – Samræðusmiðja.

Samræðusmiðja um barnabækur fer fram á vegum miðstöðvar skólaþróunar við HA 4. apríl kl. 14:00 - 16:00 í stofu L-203. Litið verður í nokkrar nýútgefnar barnabækur og rætt um mögulega notkun þeirra í skólasterfi. Hugmyndir að vinnu með mál og læsi í viðum skilningi auk samþættingar og námsaðlögunar í fyrirrúmi.

Nótan 2016 - uppskeruhátíð tónlistarskóla.

Svæðistónleikar nótunnar fyrir Norður- og Austurland verða föstudaginn 11. mars. Tvennir tónleikar verða, kl. 14.00 og kl. 16.00 og má búast við að úrslit liggi fyrir um kl. 18.00. Þau atriði sem komast áfram taka svo þátt í lokatónleikum Nótunnar í Hörpu þann 10. apríl. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Fulltrúar Tónlistarskólans eru: Tobías Þórarinn Matharel kornett og Mahaut Ingiríður Matharel trommur, Helga María Guðmundsdóttir selló og Alexander Smári Kristjánsson Edelstein píanó, Birkir Blær Óðinsson gítar og söngur, Hlini Jón Gíslason söngur, Gísli Rúnar Víðisson söngur, Elísa Ýrr Erlendsdóttir og Móheiður Guðmundsdóttir söngur. Með þeim spila Hafsteinn Davíðsson trommur, Agnes Gísladóttir píanó, Gunnur Vignisdóttir bassi, og Birkir Blær Óðinsson kassagítar. Ásamt bakraddasöngvurum úr ritmísku deildinni.

Breytt einkunnagjöf - Kyningarbæklingur til foreldra og forráðamanna.

Útbúinn hefur verið kynningarbæklingur fyrir foreldra/forráðamenn og nemendur 10. bekkjar um nýtt námsmat og innritun í framhaldsskóla. Nemendur fá bæklinginn afhentan í skólanum á næstu dögum en einnig má skoða hann sem flettibók.

Sjá nánar á: <http://www.nams.is/um-namsgagnastofnun/frettir/frett/2016/03/04/Breytt-einkunnagjof-Kynningarbaeklingur-til-foreldra-og-forradamanna-/>

Námstefna FSL og RannUng um hlutverk leiðtogsans.

Félag stjórnenda leikskóla og RannUng efna til námstefnu undir yfirskriftinni Af litlum neista föstudaginn 18. mars næstkomandi. Þema námstefnunnar er að kynna nýjar hugmyndir og hlutverk leiðtogsans í framkvæmd þeirra þannig að stjórnendur geti sinnt leiðtogahtlutverki sínu enn betur. Námstefnan fer fram á Hótel Sögu Reykjavík. Salurinn verður opnaður kl. 9:00 en dagskrá hefst kl. 9.45.

Sjá nánar á: <http://aflitlumneista.weebly.com/>

Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, bindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.